

RANNSÓKNASKÝRSLUR FORNLEIFADEILDAR 1992

V

SKOÐUNARFERÐ  
Í FLATEY Á BREIÐARFIRÐI

24.-25. JÚNÍ

Mjöll Snæsdóttir

FORNLEIFADEILD ÞJÓÐMINJASAFNS ÍSLANDS

1992 REYKJAVÍK

(C) 1992 Mjöll Snæsdóttir.

Rit þetta má ekki afrita á neinn hátt, að hluta eða í heild án leyfis höfundar.

Skýrslan er fjölrituð í 10 eintökum

Skoðunarferð í Flatey á Breiðafirði 24.-25.júní 1992.

Að ósk þjóðminjavarðar fór ég út í Flatey á Breiðafirði 24.6.1992 til að líta á mannvirki þar, sem verið er að huga að viðgerðum á.

Mannvirki þau, sem talað er um að gera þurfi við, eru :  
Silfurgarðurinn, Stórigarður og Eyjólfsbryggja.

Silfurgarðurinn, sem svo er nefndur, er friðlýstur (1975). Hann var reistur um 1830, og stóð fyrir því verki Guðmundur Scheving, kaupmaður í Flatey. Sagt er að hann hafi greitt hleðslumönnum í silfri og sé nafn garðsins dregið af því.

Garður þessi er hlaðinn um þveran svonefndan Grýluvog sem er norðvestantil á eyggi og gengur inn í hana úr vestri. Á garðinum er op eða hlið, sem bátar geta komist inn um. Hliðið er mun nær suðurströnd vogsins en hinni nyrðri, þannig að segja má að garðurinn sé úr tveimur "örnum", hinum nyrðri, sem er lengri, og hinum syðri sem er stuttur. Á lágfjöru má ganga þurrum fótum um voginn, þarna hafa skip verið sett upp til viðgerðar og látið fjara undan þeim. Garðurinn er hlaðinn úr allstórum steinum, 6-7 umför af steinum. Hann er ekki hlaðinn beint um voginn, heldur sveigir hann lítillega inn á við um miðbikið. Þessi sveigja hefur örugglega alltaf verið á honum og höfð þar viljandi. Ef til vill hefur undirstaðan ráðið því hvernig hann var látinn liggja, eða þeir sem hann hlóðu hafa talið að hann stæði betur af sér brim með þessari lögun.

Það er nyrsti hluti garðsins sem farinn er að láta á sjá, á að gizka 1/4 af lengd lengri armsins, 10 til 15 metrar. Þar er mikill sandur uppi við garðinn, og steinar töluvert úr lagi gengnir og eitthvað hrundir.

Eyjólfsbryggja er norðan og austan við voginn. Þar hefur verið hlaðið stóru grjóti sem undirstöðu og steyppt plata þar ofan á, hún er nú öll í molum og til lítills fegurðarauka.

Stórigarður er nokkru austar en þessi mannvirki og stefnir nánast beint í norður. Hann er úr töluvert stærra grjóti en Silfurgarðurinn og er yngri, eða frá 1885-90. Það er syðsti hluti hans, sá er næstur er landi, eða í fjörunni, sem er úr lagi genginn.

Átti fund með Álfheiði Ingadóttur, sem er í stjórn Framfarafélags Flateyjar, Aðalsteini Aðalsteinssyni og Jóhannesi Gíslasyni úr Skáleyjum. Aðalsteinn telur að skipta þurfi um hleðslugrjót í þeim hluta Silfurgarðsins sem hlaða þarf upp aftur og finna stærri steina í hann, annars standi viðgerðin ekki nema stutt. Þá telur hann að innri hleðslan þurfi að vera úr jafnstóru grjóti og hin ytri, því að öldur gangi stundum alveg yfir vegginn og brotni þar, og þá mæði mest á hleðslunni innanverðri. Hann ætlaði að ræða við gröfumann nokkurn, Finnboga að nafni, er vanur væri að hlaða með gröfu og fá hugmyndir hans um hverju mikið verk það væri að endurhlaða umræddan hluta Silfurgarðsins með lítilli gröfu. Mætti þá átta sig á kostnaði við verkið, ef farið yrði út í að nota slíkt tæki. Finnbogi hefur hlaðið garð við höfnina í Stykkishólmi með gröfu, og er sá garður mjög vel gerður.

Framfarafélagið hefur fengið styrk til verksins en líklega nægir hann ekki nema fyrir hluta þess. Það var hugmynd þeirra í Framfarafélaginu að byrja á Silfurgarðinum, sem væri áfangi sem mætti afmarka, en reyna síðar að afla fjár fyrir öðrum viðgerðum.

Það sem frekast mælist gegn því að nota gröfu við að hlaða Silfurgarðinn upp aftur er það rask sem slíkt áhald alltaf lætur eftir sig. Í botni Grýluvogs er að því er virðist föst klöpp og ætti tækið því að geta ekið þar um án þess að skemma. Akvegur malarborinn liggur að voginum og ætti að mega koma tæki þar niður án þess að mikil spjöll væru að.

Vel má fallast á þær hugmyndir að endingarbetra sé að velja nokkru stærra grjót, og ætti ekki að þurfa að spilla útliti garðsins, ef það er valið af kostgæfni og valið sem líkast því grjóti sem er í þeim hluta garðsins, sem ekki þarf að hreyfa við. Ef hægt er að vinna verkið með gröfu þannig að viðgerðin verði eins hlaðin eins og garðurinn er, og án þess að skemma neitt í kring, er ekkert sem mælist gegn því að grafa sé notuð.

Verulega erfitt gæti hins vegar orðið að koma nokkurri vél að Stóragarði til að hjálpa við hleðslu, án þess að sama áhald skemmdi meira en það lagaði. Þegar garðurinn var hlaðinn var að sjálfsögðu aðeins um handafl að ræða, vogarstangir og taliur. En viðgerð á Stóragarði mun væntanlega bíða enn um sinn.

*Myll Smarðóttis*

Flatey á Breiðafirði 24.6.1992



Silfurgarðurinn og Grýlavogur, frá sv



Silfurgarðurinn, frá s



Silfurgarðurinn og Grýluvogur frá austri.



Silfurgarðurinn og Grýluvogur frá austri

Þessi hluti er  
úr lagi genginn.



Siltfurgardurinn frá austri





Stórigarður, frá sv



Stórigarður, frá s.



Stórigarður, séð eftir vesturhlíð